

1. maí ávarp.

Flutt á baráttudegi verkalýðsins 1. maí 2012 á Suðureyri.
Valdimar Hreiðarsson.

Kæru Súgfirðingar og aðrir vinir: Innilega til hamingju með daginn baráttudag launafólks.

Það er alltaf mjög gaman að taka þátt í hátíðarhöldum 1. maí hér í Súgandafirði. Sennilega er það ekki síst vegna þess að haldið er í góðar og skemmtilegar hefðir sem hafa skapast í áranna rás. Dagskráin hefst á því að farið er í kröfugöngu undir íslenska fánanum og kröfugerðarspjöldum frá Brekkuloti, húsinu hennar Þóru og Valla, að sundlauginni. Þeir sem það geta taka lagið á göngunni. Sungnir eru á víxl baráttusöngvar og ættjarðarsöngvar. Gangan og söngurinn hressir og skemmtir í senn. Samfélagið er gott. Þar ríkir gleði og hressileiki.

Þegar til sundlaugarinnar er komið hefst hið árlega 1. maí boðsund. Ég held að það sé rétt með farið að sundkeppnin eigi rætur sína í því að verkalýðsfélag Súgfirðinga styrkti á sínum tíma byggingu hinnar ágætu sundlaugar hér á Suðureyri. Hin árlega sundkeppni er til að minnast þess mikla átaks sem fólst í því að koma upp nýrri sundlaug í þorpinu á sínum tíma og hluts verkalýðsfélagsins í því.

Að boðsundskeppni aflokinni er aftur lagt land undir fót. Nú er gengið til kaffisamsætis þar sem hátíðargestir gæða sér á kaffi og meðlæti. Þar er það ófrávíkjanlegur dagskrárliður að leikskólabörn syngja lög og vísur tengdar vori og komandi sumri.

Dagskráin er hefðbundin. Það þýðir ekki að fólk fái leið á henni, síður en svo. Því í hefðinni og endurtekningunni er fólgin einhver kynngi sem tengir okkur við hringrás lífs og tíma og gefur lífi okkar gildi og innihald.

Þnnig eru hátíðarhöldin á baráttudegi verkalýðsins á Suðureyri hæfileg og skemmtileg blanda af kjarabaráttu og afþreyingu.

Alvaran er að sjálfsögðu líka til staðar. Það er mikilvægt að minnast þeirrar baráttu sem háð hefur verið og verður ávallt að heyja til að við getum átt lífvænlegt samfélag.

Það er örugglega ekki ofsagt að verkalýðsbaráttan hefur átt stærstan þátt í að skila okkur því samfélagi og lífshæðum sem við búum við í dag. Þetta liggur í augum uppi. Þegar vinna fólks verður dýrkeyptari kemur upp krafan um aukna framleiðni og afköst. Vélar og margs konar sjálfvirkni hafa þess vegna tekið við miklu af þeim þrældómi sem menn unnu áður.

Þetta þýðir að samt ekki að hægt sé að láta staðar numið og njóta fenginna réttinda og kjarabóta. Að sjálfsögðu heldur baráttan áfram því alltaf má gera betur. Og ekki snýst allt um kaaptaxta. Margt annað skiptir miklu máli. Má þar nefna sjúkrasjóð, orlofshús, lífeyrissjóðsmál og ótal margt annað sem varðar líf og kjör fólks.

En hvað ætli sé sterkasta vopnið heiðarlegrar baráttu hóps eða hópa fyrir hagsmunamálum sínum? Er það ekki einmitt hugtakið sem hún Lilja Rafney ræddi í ávarpi sínu hérna áðan, samstaðan?

Í því sambandi langa mig til að segja ykkur frá því að um daginn var ég að horfa á frábæra dýralífsmynd í sjónvarpinu. Í þessari mynd mátti sjá tvo mjóslegna og ræfilslega úlfa koma styggð að stórri hjörð sauðnauta þannig að flótti brast á hjörðina. Og leikar fóru þannig að úlfunum tókst að einangra hálfstálpað sauðnaut frá hjörðinni. Fengu þeir þar góðan og ríkulegan málsverð að lokum en hjörðin missti einn einstakling úr röðum sínum.

Stundum er sagt að sauðnaut séu heimsk. Þannig ávarpar Lúkas höfuðsmaður góða dátann Svejk einhverju sinni þegar Svejk hafði gert enn eitt heimskuparið með þessum hætti: "Þú nautheimski sauður og sauðheimska naut, í einu orði sagt, sauðnaut!"

Ég held að sauðnaut séu ekkert heimskari en önnur dýr og reyndar ekki neitt greindarmerki yfirleitt að tala þannig um blessaðar skepnurnar. Dýrin hafa marga eiginleika sem við höfum ekki. Það hlýtur að þurfa heilmikla útsjónarsemi og hyggindi til að tóra af langan og harðan heimskautavetur þó maður sé vel feitur að hausti og sé klæddur hlýjum feld frá náttúrunnar hendi.

Þegar allt kemur til alls þá er það ekki heimska sem rekur hjörðina á flóttu undan tveimur horuðum úlfum, heldur misskilin sjálfsbjargarviðleitni. Þar er hver að bjarga sjálfum sér sem best hann getur. Hver og einn hleypur með hjörðinni í þeirri von að það verði ekki hann sem úlfurinn hremmir. Og þegar einn úr hjörðinni er kominn í úlfskjaftrarpa hinir öndinni léttar og hugsa sennilega með sér eitthvað á þá leið að það hafi verið gott að það varð ekki hann sem var gripinn.

Rómverska heimsveldið byggði tilveru sína á svipuðu lögmáli. Það atti óvinum sínum gegn hverjum öðrum og tókst þannig að deila og drottna öldum saman. Það er kannske ekki tilviljun að eitt helsta einkennismerki Rómaborgar er styttnan fræga af úlfynju að gefa tvíburunum Rómúlusi og Remusi af spena.

En stundum lætur hjörðin ekki blekkjast og bregst við á annan hátt. Þá leggur hún ekki á flóttu, heldur þéttir raðir sínar. Allir sem einn horfist hópurinn í augu við óvininn sem leggur niður skottið og heldur á braut þegar hann stendur andspænis órofa samstöðu.

Það er nefnilega ekki sama á hvaða grunni samstaðan hvílir. Á hún rót sína í þeirri hugsun að það sé gott að fela sig í hópnum og vona að maður verði ekki sá sem óvinurinn hreppir eða í þeirri afstöðu að allir standi saman sem einn vegna þess að hópurinn vill engan missa og þykir vænt um alla sem þar eru. Því hópurinn veit að það munar um hvern einn.

"Spurðu ekki hverjum bjallan glymur, hún glymur þér". Svo var mælt fyrir mörgum öldum og er enn sannleikur.

Meistarinn mikli sagði einu sinni: "Elskið hver annan". Hann vissi að samfélag, hversu fámennt eða fjölmennt það kann að vera, getur aðeins staðist til lengdar ef kærleikur og umhyggja um hvern og einn er það sem heldur því saman, en ekki sjálfselska og hugleysi. Aðeins í slíku samfélagi er hugað að þeim sem mest þurfa á að halda umhyggju og samúð. Því lífsgæði geta aldrei orðið sönn lífsgæði ef þeim er ójafnt dreift.

Þennan boðskap má líka finna í erindi 1. maí, baráttudags launafólks, til okkar. Það hlýtur að vera keppikefli okkar allra að stefna að því að skapa samfélag sem er reiðubúið að standa saman um bættan hag allra, líka þeirra sem vanmáttugri eru og hægar fara yfir.

Látum 1. maí og alla daga sem okkur eru gefnir minna okkur á það að samstaða um góð gildi er það sem mestu máli skiptir.

Til hamingju með daginn!